




Hjúkrunarsambýli við Reykjaland

Að finna nýjan lífstakt

Íbúar Hleinar hjúkrunarsambýlis áttu sitt fyrra líf áður en þeir urðu fyrir áfalli en markmið Hleinar er að hjálpa íbúunum að finna nýjan lífstakt við gerbreyttar aðstæður.



Hlein hjúkrunarsambýli við Reykjaland búa sjö einstaklingar. Framkvæmdastjóri Hleinar er Anný Lára Emilsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, en auk hennar starfa þar iðjuþjálfar, sjúkraliðar, félagsliðar, starfsmenn við umönnun og matráður. Anný Lára settist niður með blaðamanni og ræddi starfsemi Hleinar.

Hvernig myndir þú lýsa hlutverki og markmiðum Hleinar?

„Allir íbúar Hleinar áttu sitt fyrra líf áður en þeir urðu fyrir áfalli sem umturnaði lífi þeirra. Markmið starfseminnar er fyrst og fremst að hjálpa þeim að finna nýjan lífstakt sem rímar við þessar gerbreyttu aðstæður. Hlutverk starfsmanna Hleinar er að veita íbúunum endurhæfingu og stuðning við að hámarka færni sína svo þeir geti verið eins sjálfbjarga og kostur er.“

Mætum öllum þar sem þeir eru staddir

Hvað felst í einstaklingshæfðri umönnun hjá ykkur og hvernig er hún útfærð í daglegu starfi?

„Á Hlein er unnið samkvæmt hugmyndafræði þjónandi forystu en í því felst að starfsfólk búi yfir innri vilja og hvata til að mæta hverjum og einum þar sem viðkomandi er staddur. Hver íbúi hefur eigin íbúð þar sem umhverfið er snúið að þörfum hans og óskum eins og frekast er unnt. Hver íbúi styðst við sína einstaklingshæfðu dagskrá þar sem tekið er mið af styrkleikum og þörfum hvers og eins, hverju sinni. Stuðningur við athafnir daglegs lífs tekur einnig að sjálfsögðu mið af einstaklingshæfðum þörfum og getu. Matur spilar stóra rollu í Hleinarlífinu og við erum svo heppin að hafa frábæran matráð sem vinnur með íbúum í skipulagningu matseðils vikunnar og framreiðir dýrindis máltíðir fyrir íbúa og starfsmenn.“

Hversu stóran þátt eiga vinnuhæfing og félagsleg virkni í lífi heimilislífs og endurhæfingarferlinu?

„Vinnuhæfing og félagsleg virkni skipar stóran sess á Hlein. Hluti íbúa sækir atvinnu út í bæ og aðrir mæta alla virka daga á vinnustofu Hleinar sem er til húsa á Reykjalandi. Á vinnustofunni sinna íbúar verkefnum að eigin vali með leiðsögn iðjuþjálfara



Íbúar Hleinar hjúkrunarsambýlis áttu sitt fyrra líf áður en þeir urðu fyrir áfalli en markmið Hleinar er að hjálpa íbúunum að finna nýjan lífstakt við gerbreyttar aðstæður.

og ríkir þar mikil vinnugleði og samvinna. Hver og einn sinnir sínum áhugamálum heima fyrir en sækir jafnframt námskeið og tólmstundir utan Hleinar, svo sem hjá Íþróttafélagi fatlaðra og hjá Fjölmenn. Reglulega er hversdagurinn brotinn upp, til dæmis með náttúruskoðun, heimsóknum á veitingastaði og á sýningar sem vekja áhuga íbúa.“

Að horfa fram á veginn

Hverjar eru helstu áskoranir og tækifæri þegar kemur að því að vinna á hjúkrunarsambýli eins og Hlein?

„Á Hlein starfar samheldinn hópur sem býr yfir viðamikilli þekkingu og reynslu sem gerir áskoranirnar viðráðanlegri en ella. Margt sem okkur finnst ekki erfitt viðureignar getur reynst snúið fyrir þá sem ekki búa yfir þeirri sérþekkingu sem skapast hefur á Hlein í gegnum áratugina. Helsta áskorunin fyrir nýliðana okkar í starfsmannahópnum er líklega að falla ekki í þann pytt að vorkenna íbúunum vegna þeirra stöðu og ná að tileinka sér að horfa fram á veginn. Ótalmörg tækifæri fylgja því að vinna á

stað eins og Hlein. Það getur gert mann auðmýkri og þakklátari, kennir þér að vera næmur á þarfir annarra, þjálfar þig að vinna í hópi við alls kyns aðstæður og svo mætti lengi telja. Hingað til hef ég aldrei hitt manneskju sem telur sig hafa tapað á því að vinna á sambærilegum starfsvettvangi og Hlein.“

Hvernig hefur rekstrarsamningurinn við Sjúkratryggingar Íslands og tengslin við SÍBS áhrif á starfsemi og þjónustuna sem þið getið veitt?

„Rekstrarsamningurinn við Sjúkratryggingar Íslands er forsenda þess að við höfum fjármagn til að reka starfsemi með þeim hætti sem nú er. Kröfulýsingin sem samningnum fylgir er ramminn utan um alla starfsemi Hleinar og tryggir að ákveðnum viðmiðum sé fylgt. SÍBS er eigandi að Hlein hjúkrunarsambýli ehf., við höfum aðsetur í húsnæði í eigu þess og eigum í miklu samstarfi við Reykjaland endurhæfingu sem einnig er í eigu SÍBS. Við erum þeim afar þakklát og eigum í mjög góðum samskiptum við báða þessa aðila. Í stuttu máli sagt þá væri Hlein hjúkrunarsambýli ekki starfandi án aðkomu SÍ og SÍBS.“